

Alþingi
Erindi nr. P 128/1002
komudagur 14.2.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. febrúar 2003

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum, 519. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 520. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, 521. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, 522. mál.**

Frumvörp þau sem hér eru til umsagnar eru að mestu leyti samkynja að efni og lúta að samræmingu laga og breytingum til samræmis við réttarþróun og réttarframkvæmd.

Breytingarnar miða ekki síst að því að auðvelda afskráningu fyrirtækja og félaga sem ekki eru lengur virk og er það mjög til bóta. Það er auðvitað allra hagur að ekki séu skráð önnur félög en þau sem eru virk og upplýsingar um þau séu réttar.

Það er þess vegna áhyggjuefni ef miklar brotalamir eru á því að fyrirtæki skili inn upplýsingum sem lög gera ráð fyrir eins og skilja má af greinargerðum frumvarpanna um hlutafélögin og einkahlutafélögin. Vonandi verður til bóta sú breyting sem felst í frumvarpi til laga, sem liggur fyrir Alþingi, um fyrirtækjaskrá sem Samtök iðnaðarins hafa áður sent umsögn um.

Samtök iðnaðarins gera ekki athugasemdir við frumvörpin og styðja að þau verði að lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ólafur Steindór Valdmarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri